

Ávarp: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga

Orkuþing Vestfjarða 2023:

Kæru gestir, kæru Vestfirðingar. Verið hjartanlega velkomin á Orkuþing Vestfjarða 2023. Það gleður mig að vera hérna með ykkur í dag því þetta er liður í því að halda umræðunni lifandi og að við erum í hagsmunabaráttu fyrir Vestfirði til að tryggja okkur þá stöðu sem við þurfum til að geta verið samkeppnishæf inn í framtíðina.

Fyrir ári síðan þá stóð ég hérna og fór yfir söguna endalaus, allt frá því slökkt var á olíulömpunum og rafmagnslýsing tók við og stöðuna í fyrra þegar ljóst var að við værum ekki á áætlun inn í orkuskiptin.

Framundan hjá okkur er ansi stórt verkefni. Við þurfum að tryggja samkeppnisstöðu landshlutans inn í áætlun stjórnvalda að við verðum laus við jarðefnaeldsneyti 2040. Að hér geti fyrirtækin okkar fengið aðgang að orku til að geta haldið áfram og að hér sé næg orka til þess að ný fyrirtæki geti sest að og aukið fjölbreytni starfa og stuðlað að vexti Vestfjarða.

Og þá er komið að spurningunni sem við höfum örugglega flest verið spurð að undanfarin ár. Hvort viltu virkjun eða Vesturlínu??? Ég ákvað að hafa bara þessa einu glæru vegna þess að þessi spurning er eitt af lykilatriðunum í allri umræðu um virkjanir. Ekki vegna þess að spurningin sé mikilvæg inn í umræðuna, heldur vegna þess að hún hamlar allri umræðu.

Þetta er eins og að yfirvaldið komi til mín og segi, jæja Jóhanna mín nú ætla ég að vera ofsalega almennilegt og leyfa þér að velja, þú mátt velja hvort þú vilt lifa á vatni eða mat næstu árin... En ég veit að ég þarf bæði, og ég veit að ég þarf margt fleira líka, ég þarf föt, hlýju og húsaskjól. Atvinnu og aðgengi að þjónustu.

En af því þessu er stillt upp sem vali “fyrir Vestfirðinga” þá eigum við bara að vera sátt við þessa spurningu svara henni af einlægni, án þess að upplifa að vera stillt upp við vegg, svo eru að sjálfsögðu ekki allir sammála um hvort við viljum Virkjun eða Vesturlínu og þá er komin augljós leið, Vestfirðingar eru alltaf ósammála, það er lausnin, við gerum ekkert!

En málið er að mögulega þurfum við bæði Vesturlínu og Vatnsfallsvirkjun og svo margt fleira ef við ætlum að standast þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa sagt að við þurfum að gera. Við þurfum að horfa á fleiri aðgerðir, smávirkjanir, vindorku, sjávarfalla virkjanir og auðvitað jarðhitaleit. Og svo allar hinar aðgerðirnar sem við gerum okkur ekki grein fyrir að sé hægt að framkvæma.

Á Samsö í Danmörku, sem tilraunaverkefni Dananna um hvernig er hægt að vera sjálfbær á græna orku, er til dæmis kúabú, með því að nota varmann úr mjólkinni og kæla mjólkina mjög hratt úr 38 gráðum niður í 6 gráður verður til næg orka til að kynda hús bændanna.

Þannig að það er ekki spurning um hvort við viljum, heldur þurfum við að vera opin fyrir öllum lausnunum, mögulega lausnum sem enginn annar hefur prófað áður.

Við þurfum tímasetta raun áætlun um hvernig við sjáum fyrir okkur næstu áratuginna vegna þess að við erum að falla á tíma 2040 er handan við hornið og þetta er ekkert einkamál Vestfirðinga þar sem við erum skilin eftir til að rökræða um hvort við viljum virkjun eða vesturlínu, við þurfum aðgerðir og við þurfum tímasetningar.

Að lokum langar mig að koma með eina af þeim ótal spurningum sem við þurfum raunverulega að taka tillit til og við þurfum að vera óhrædd við að taka umræðu um, það er spurningin:

Hvernig sættum við sjónarmið náttúruverndar sem vill hlúa að líffræðilegum fjölbreytileika og sjónarmið loftlags aðgerða sem segja að við verðum að fara í gegnum orkuskipti, og við getum ekki bara sparað orku til að komast á þann stað sem við þurfum að vera.